

D Ó M U R

Héraðsdóms Norðurlands eystra mánudaginn 21. maí 2007 í máli

nr. S-90/2007:

Ákærvaldið

(*Sigríður Elsa Kjartansdóttir saksóknari*)

gegn

X

(*Gunnar Sólnes hrl.*)

Mál þetta, sem dómtekið var þann 9. maí sl., er höfðað hér fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra með ákæru ríkissaksóknara útgefinni 3. apríl 2007 á hendur X,

„fyrir kynferðisbrot með því að hafa tvisvar sinnum í janúarmánuði 2007 haft samræði við dóttur sína [A], á heimili hennar að [...], og notfært sér að hún gat ekki spornað við verknaðinum sökum andlegra annmarka sinna.

Telst þetta varða við 196. gr. og 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 40/1992 og 2. gr. laga nr. 40/2003.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Bótakrafa:

Af hálfu [A], er krafist miskabóta að fjárhæð kr. 2.500.000 auk vaxta skv. 8. gr., sbr. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 22. janúar 2007 til þess dags er mánuður er liðinn frá því að ákærða var kynnt bótakrafan en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags auk þóknunar vegna lögmannsaðstoðar.“

Skipaður verjandi ákærða krefst vægustu refsingar sem lög leyfa og að miskabótakrafa verði lækkuð verulega. Þá krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna sér til handa.

I.

Samkvæmt rannsóknargögnum leitaði A til lögreglu, ásamt B þroskaþjálfara, þann 22. janúar 2007 klukkan 15:37. Kvað hún föður sinn hafa komið á heimili hennar um klukkan níu um morguninn. Hann hafi sagst vilja hafa við hana samfarir en hún hafi sagt að feður mættu ekki gera svona við dætur sínar. Hann hafi sagt að það væri allt í lagi og þau skyldu drífa í því. Hún hafi þá ekki þorað annað en gera eins og hann sagði. Þau hafi farið í rúmið hennar og hann hafi þar haft við hana kynmök og haft sáðlát í leggöng hennar. Kvað hún svipað atvik hafa átt sér stað um viku fyrr.

Ákveðið var að stúlkan færi í skoðun á neyðarmóttöku FSA og gæfi nánari skýrslu að henni lokinni. Lögregla ræddi við C, bróður A, sem hafði séð að ákærði var hjá A þennan morgun. Kvaðst hann hafa farið inn til hennar þegar ákærði var farinn og hún hafi skýrt sér frá því hvað ákærði hafði gert. Hann hafi látið B, ráðgjafa A, vita af þessu.

A undirgekkst skoðun hjá kvensjúkdómalækni á neyðarmóttöku FSA. Þar voru tekin sýni úr leggöngum hennar sem send voru tæknideild lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Þangað var m.a. einnig sendur klútur sem A hafði sett í nærbuxur sínar til að ekki læki sæði í þær. Samkvæmt niðurstöðum tæknideildarinnar fannst sæði í klútnum og í sýnum úr leggöngum og leghálsi A. Voru þau talin nothæf til DNA kennslagreiningar ef á þyrfti að halda í málinu.

Ákærði var boðaður til skýrslutöku vegna málsins þann 23. janúar 2007 og var verjandi hans viðstaddur hana. Neitaði hann þá alfarið sök en kvaðst aðeins hafa litið til stúlkunnar í fimm til tíu mínútur og drukkið með henni kaffi. Var honum kynnt að A hafi sett klút í nærbuxur sínar eftir atvikið daginn áður sem hún hefði svo afhent við skoðun á neyðarmóttöku. Kvaðst ákærði tilbúinn til að gefa lífsýni í þágu rannsóknar málsins yrði þess óskað.

Daginn eftir mætti ákærði til lögreglunnar að eigin frumkvæði og kvaðst vilja breyta framburði sínum frá því daginn áður. Gaf hann þá skýrslu að nýju að viðstöddum verjanda sínum og játaði að hafa í tvígang haft samfarir við A á heimili hennar.

II.

Í málinu liggur fyrir sálfræðilegt mat doktors Þuríðar J. Jónsdóttur sálfræðings á greindarþroska A. Þuríður kom fyrir dóminn og staðfesti skýrslu sína.

Mat hennar fór þannig fram að hún átti fyrst óformlegt viðtal við A og sambýlismann hennar en lagði svo fyrir A greindarpróf Wechlers fyrir fullorðna (WAIS), stutt lestrar- og skriftarpróf auk tólf spurninga úr taugasálfræðilegu prófasafni sem nefnist NAB (neuropsychological assessment battery). Um niðurstöður greindarprófs Wechlers segir í skýrslu Þuríðar:

„[...]“

III.

Eftir að ákærði hafði játað þau brot sem honum eru nú gefin að sök, fyrir lögreglu, þann 24. janúar sl. kom hann fyrir Héraðsdóm Norðurlands eystra og staðfesti fyrir þeim dómara sem fer með mál þetta að sú skýrsla væri rétt og sannleikanum samkvæm. Við þingfestingu málsins þann 23. apríl sl. mætti ákærði, ásamt skipuðum verjanda sínum, og kvaðst viðurkenna brot sín eins og þeim er lýst í ákæru. Við aðalmeðferð málsins upplýsti skipaður verjandi ákærða að ákærði óskaði eftir því að mæta ekki við aðalmeðferð málsins en vísaði til þeirra skýrslu sem hann hafði staðfest fyrir dómi. Verður því rakið það helsta sem fram kemur í skýrslu ákærða frá 24. janúar 2007.

Ákærði kvaðst hafa farið til A dóttur sinnar um klukkan níu að morgni þann 2. janúar 2007. Hann hafi byrjað á því að drekka kaffi með henni og svo spurt hana hvort hún vildi „gera það“ með honum. Hún hafi svarað því játandi og þau svo haft samfarir í rúmi hennar. Hann hafi girt niður um sig buxurnar, hún hafi farið úr buxunum og lagst á bakið. Hún hafi ekki mótmælt samförunum á nokkurn hátt og tekið fullan þátt í þeim. Hún hafi tekið um lim hans og stýrt honum inn í sig. Hann hafi fengið sáðlát inn í hana. Hann hafi svo farið út og séð C son sinn á bílastæðinu fyrir utan húsið. Allt hafi verið í lagi hjá A þegar hann hafi farið frá henni.

Ákærði kvaðst hafa farið til hennar aftur þann 22. janúar á sama tíma og í fyrra skiptið. Hann hafi drukkið með henni kaffi og svo spurt hana hvort hún vildi hafa við hann samfarir og hún hafi játað því. Þau hafi þá farið í svefnherbergi A. Hún hafi farið úr buxunum og hann sett sínar buxur niður á hné. Hún hafi lagst á bakið og þau svo haft samfarir. Hann hafi sjálfur sett lim sinn í leggöng hennar. Hún hafi tekið fullan þátt í samförunum og hann hafi fengið sáðlát inn í hana. Hann hafi svo farið strax og hann hafði lokið sér af. Kvað hann þetta vera einu skiptin sem hann hefði haft samfarir við hana.

Vitnið A kveður ákærða hafa komið til sín 30. janúar sl. um klukkan hálf níu að morgni. Hún hafi boðið honum inn í kaffi því hún hafi viljað vera kurteis en hann hafi sagt: „Mig langar það strax núna“. Hún hafi þá sagt: „Pabbi, þú gerir ekki svona. Faðir gerir ekki svona við dætur sínar.“ Hann hafi þá sagt: „Mér er alveg sama, mig langar það samt.“ Hún hafi þá leyft honum að hafa við sig kynmök í svefnherbergi hennar. Hún hafi legið á bakinu í rúmi sínu og ákærði legið ofan á henni. Hann hafi ekki haldið henni eða meitt hana. Að kynmökunum loknum hafi ákærði þakkað fyrir kaffið og aðstoðina og farið og í því hafi bróðir hennar komið. Bróðir hennar hafi svo skýrt frá þessu og komið málinu af stað. Vitnið segir þetta einnig hafa gerst viku áður á nákvæmlega sama veg. Hún kveðst ekki hafa viljað leyfa ákærða að hafa kynmök við sig. Aðspurð um af hverju hún hafi leyft honum þetta segir hún hann hafa viljað það og kveðst eiga erfitt með að segja nei við þá sem hún þekki.

Vitnið kveðst hafa flutt frá foreldrum sínum þegar hún var tvítug en hafa haldið sambandi við þau. Vitnið kveðst búa í ... með kærasta sínum en litið sé eftir þeim þar. Hún kveðst vinna í ... sem sé verndaður vinnustaður. Vitnið segir að sér hafi liðið mjög illa eftir þessi atvik. Hún hafi verið með sár inni í sér, verið döpur og

grátið. Hún hafi átt erfitt með svefn og þurft töflu til að sofa. Henni líði þó ekki illa eins og er og hún hafi ekkert verið frá vinnu vegna þessa.

Vitnið B, ráðgjafi á Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar, kveðst vera ráðgjafi A og aðstoði hana við það sem hún þurfi hjálp við. A sé nú nýbyrjuð í sambúð með kærasta sínum og þau hafi ekki viljað þiggja aðstoð á heimilið. Vitnið kveðst þó fara í heimsóknir til hennar og líti til með henni,. Hún hafi áður búið ein í þjónustukjarna og þar haft meiri aðstoð. Vitnið kveður A geta tjáð sig en það þurfi að minna hana á að segja satt og rétt frá því hún þekki illa mun á réttu og röngu. Ekki sé víst að hún geri sér grein fyrir því ef einhver gerir henni rangt. Aðspurt kveður vitnið það vel hugsanlegt að stúlkan hafi leyft ákærða að hafa við hana kynmök þó það væri henni þvert um geð. Hún sé mjög upptekin af því að gera öllum til hæfis. Vitnið kveður stúlkuna ekki hafa lýst mikilli vanlíðan vegna þessa en hún hafi leitað til fólks í vinnunni vegna þess.

Vitnið C kveðst hafa haft grun um að eitthvað væri í gangi, samkvæmt vísbendingum frá A. Hún segi reyndar oft ósatt svo hann hafi ekki verið alveg viss. Vitnið kveðst hafa átt leið hjá heimili stúlkunnar og séð bifreið ákærða þar fyrir utan. Eftir umhugsun hafi hann farið að húsinu og ákærði hafi þá verið kominn út í bíl og búinn að setja hann í gang. Vitnið kveðst ekki hafa treyst sér til að ræða við ákærða, hann hafi slitið samskiptum við fjölskylduna sem unglíngur. Hann hafi því ekið burt en snúið við og bankað upp á hjá A sem hafi komið hálfskælandi til dyra. Vitnið kveðst hafa spurt hvað um væri að vera en stúlkan hafi ekki viljað segja það. Hann hafi þá gengið aðeins á hana og sagt að hann gæti hjálpað henni ef eitthvað væri að. Hún hafi þá brotnað niður og sagt honum frá þessu. Vitnið kveðst hafa spurt hana margoft hvort þetta væri satt, því hún segi oft ósatt, og sagt að það væri svo erfitt að sanna þetta. Hún hafi þá sagt honum að hún væri með klút í nærbuxunum sínum. Aðspurt kveður vitnið stúlkuna vera alvarlega þroskahefta.

IV.

Eins og áður greinir hefur ákærði viðurkennt að hafa gerst sekur um þá háttsemi sem er lýst í ákæru. Er játning hans í samræmi við framburð stúlkunnar og önnur gögn málsins. Þykir sök hans því nægjanlega sönnuð og varða brot hans við 2. mgr. 194. gr., sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 3. gr. laga nr. 61/2007 og við 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í vottorði sakaskrár ríkisins er ekki getið um að ákærði hafi áður hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað en í málinu liggur fyrir dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra í máli ákæruvaldsins gegn ákærða, uppkveðinn 20. febrúar 1991. Var hann þar dæmdur í 15 mánaða fangelsi fyrir sifskapar- og skírlífisbrot gegn þessari sömu stúlku, með því að hafa á tímabilinu frá hausti 1986 til apríl 1987 margsinnis, a.m.k. 13 sinnum, haft við hana holdlegt samræði. Við ákvörðun refsingar verður litið til þess að ákærði hefur viðurkennt þá háttsemi sem honum er gefin að sök. Hins vegar verður einnig litið til þess að brotþoli er verulega greindarskert. Ákærði er faðir hennar og má því vera ástand hennar ljóst og líklegt að hann þekki tilhneigingu hennar til að gera fólki til hæfis. Hefur ákærði með þessari háttsemi ítrekað brotið alvarlega gegn þessari dóttur sinni. Þó að áðurgreindur dómur frá

1991 hafi ekki ítrekunaráhrif nú, sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, verður litið til þess við ákvörðun refsingar að ákærði var þá dæmdur fyrir alvarleg brot gegn stúlkunni en hefur ekki látið segjast. Að framangreindu virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 3 ár.

Í málinu gerir A kröfu um kr. 2.500.000- í miskabætur, auk vaxta og dráttarvaxta. Með háttarni sínu skapaði ákærði sér bótaskyldu gagnvart stúlkunni þ.á.m. skyldu til að bæta henni þann miska er hún varð fyrir. Með vísan til atvika og afleiðinga er af þeim hlutust fyrir stúlkuna sem að framan er lýst þykja miskabætur hæfilega ákveðnar kr. 800.000- með vöxtum eins og greinir í dómsorði.

Í málinu liggur fyrir kostnaður að fjárhæð kr. 64.000- vegna sálfræðilegs mats á stúlkunni. Með vísan til 164. gr. og 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærða til greiðslu þess kostnaðar auk málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Gunnars Sólnes hrl., fyrir dómi og á rannsóknarstigi sem þykja hæfilega ákveðin kr. 320.000- og þóknunar skipaðs réttargæslumanns stúlkunnar, Elísabetar Sigurðardóttur hdl., sem þykir hæfilega ákveðin kr. 190.000-. Er virðisaukaskattur innifalinn í framangreindum fjárhæðum. Af málsvarnarlaunum verjanda hefur hann þegar fengið greiddar kr. 140.685- vegna vinnu á rannsóknarstigi.

Dóminn kveður upp Freyr Ófeigsson dómstjóri.

D Ó M S O R Ð :

Ákærði X sæti fangelsi í 3 ár.

Ákærði greiði A kr. 800.000,- ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 frá 22. janúar 2007 til 26. apríl 2007 en dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði kr. 574.000- í sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gunnars Sólnes hrl., kr. 320.000- og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Elísabetar Sigurðardóttur hdl., kr. 190.000-.